

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

56. fundur

að Hlíðavegi 6, 16. apríl 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi á einkaheimili til handa Ástu P. Lárusdóttur, Skútustöðum 2b.
3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Páli Lárusi Sigurjónssyni f.h. Hótelis Gígs.
4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Finni Sigfúsi Illugasyni f.h. Ferðapjónustunnar Bjargi ehf.
5. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi á einkaheimili til handa Hólmsfríði Ásdísi Illugadóttur, Helluhrauni 13.
6. Framlagning kjörskrár vegna Alþingiskosninga 25. apríl 2009.
7. Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 3. apríl v/ stækkunar Vatnajökulsþjóðgarðs.
8. Fulltrúi á aðalfund Hvamms 29. apríl n.k.
9. Fulltrúi á aðalfund Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 16. mars.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 26. mars.

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 31. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Elín Steingrimsdóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi á einkaheimili til handa Ástu Þ. Lárusdóttur, Skútustöðum 2b.

Með bréfi dags. 31. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Ástu Þ. Lárusdóttur til reksturs gistingar á einkaheimili að Skútustöðum 2b. Erindinu er frestað vegna formgalla.

3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Páli Lárusi Sigurjónssyni f.h. Keahótela.

Með bréfi dags. 30. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Páli Lárusi Sigurjónssyni f.h. Keahótela til reksturs Hótel Gígs, Skútustöðum, flokkur V. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Finni Sigfúsi Illugasyni f.h. Ferðapjónustunnar Bjargi ehf.

Með bréfi dags. 30. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Finni Sigfúsi Illugasyni f.h. Ferðapjónustunnar Bjargi ehf til reksturs gistingar á Bjargi, flokkur II. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

5. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi á einkaheimili til handa Hólmfríði Ásdísi Illugadóttur, Helluhrauni 13.

Með bréfi dags. 26. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Hólmfríði Ásdísi Illugadóttur til reksturs gistingar á einkaheimili að Helluhrauni 13, flokkur I. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

6. Framlagning kjörskrár vegna Alþingiskosninga 25. apríl 2009.

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 297, 141 kona og 156 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörnefnd.

7. Erindi frá Umhverfissráðuneyti dags. 3. apríl v/ stækkunar Vatnajökulspjóðgarðs.

Með bréfi dags. 3. apríl eru kynnt áform Umhverfissráðuneytisins um stækkun Vatnajökulspjóðgarðs innan skipulagsmarka Skútustaðahrepps. Áformað er að stækkunin verði staðfest af ráðherra 16. apríl n.k. Með bréfinu er ráðuneytið að óska eftir samþykki Skútustaðahrepps fyrir því að landsvæði sunnan og vestan Herðubreiðar verði hluti þjóðgarðsins. Nefnt landsvæði er innan þjóðlendu samkvæmt úrskurði Öbyggðanefndar frá 6. júní 2008. Þá hafa

afréttareigendum á svæðinu verið kynnt þessi áform og leitað eftir samþykki þeirra en gert er ráð fyrir að búfjárbætt verði áfram heimil innan afréttarlandsins. Málið hefur einnig verið unnið í samstarfi við stjórn og svæðisráð þjóðgarðsins sem sveitarfélögin á svæðinu eiga aðild að. Umhverfissráðuneytið óskaði eftir svari sveitarfélagsins eigi síðar en 14. apríl. Erindið barst í dimbilvikunni og því einungis þrjú vikur dagar til stefnu. Sveitarstjórn ákvað að bregðast skjótt við og samþykkti erindið með tölvupósti fyrir tilskilinn tíma. Sveitarstjórn leyfir sér að vænta þess að í framtíðinni njóti Skútustaðahreppur sama afgangsluhraða hjá Umhverfissráðuneytinu eins og ráðuneytið nýtur hjá sveitarfélaginu.

8. Fulltrúi á aðalfund Hvamms 29. apríl n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Guðrún María Valgeirsdóttir.

9. Fulltrúi á aðalfund Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 28. apríl n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Margrét Hólm Valsdóttir.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Elín Steingrimsdóttir.